

Reglugerð um (2.) breytingu á skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

1. gr.

Í stað 2. málslíðar 1.3. gr. koma tveir nýir málslíðir er orðast svo: Um skilgreiningu brúttóflatarmáls fer samkvæmt íslenskum staðli ÍST50:1998 varðandi byggingarhluta í lokunarflokkum A og B. Undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, sbr. ÍST 21:1971.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 45. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Reglugerðin tekur þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. september 2016.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.